



Saman gegn ofbeldi

Tölulegar upplýsingar um útköll/tilkynningar í Reykjavík vegna heimilisofbeldis

Upplýsingar frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og velferðarsviði Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við Kvennaathvarfið og Heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu hófu í janúar 2015 átak gegn heimilisofbeldi sem kallast **Saman gegn ofbeldi**. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu á nú einnig fulltrúa í stýrihópi verkefnisins.

Markmið samstarfsins er að taka markvisst á þeim heimilisofbeldismálum sem upp koma í því skyni að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum.

Þolendum er veitt ráðgjöf og ýmis þjónusta, gerendur eru hvattir til að sækja meðferð og vinna lögreglunnar á vettvangi hefur verið bætt. Mikilvægur hluti verkefnisins er einnig að bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi en Barnavernd Reykjavíkurborgar fer með lögreglunni í útköll vegna heimilisofbeldis þegar börn eru á heimilinu og styður við þau í kjölfarið. Þegar börn eru á heimilinu er einnig kallaður til ráðgjafi frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar sem styður við brotapolu á staðnum. Ráðgjafinn er einnig kallaður til þegar engin börn eru á staðnum ef heimilisfólk þiggur þá þjónustu.

Eftirfarandi tölulegar upplýsingar um útköll/tilkynningar vegna heimilisofbeldis eru annars vegar frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

[Tölulegar upplýsingar frá upphafi verkefnisins er að finna á vef borgarinnar.](#)


Vakin er athygli á að í tölfraði lögreglunnar er heildarfjöldi útkalla vegna heimilisofbeldismála í Reykjavík meiri en hjá Reykjavíkurborg. Þennan mun má skýra fyrst og fremst vegna tveggja þátta. Annars vegar koma brotapolar í sumum tilvikum á lögreglustöðina til að tilkynna um heimilisofbeldi og þá er ekki alltaf ástæða til að fá ráðgjafa frá borginni. Einnig geta ráðgjafar ekki farið inn á heimili, ef engin börn eru þar, nema með leyfi húsráðenda. Tölfraði Reykjavíkurborgar nær yfir þau skipti sem ráðgjafar eru kallaðir til af lögreglunni af því að börn eru á heimilinu og þegar engin börn eru á staðnum en húsráðendur vilja þiggja aðstoð.



Tölulegar upplýsingar Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um útköll/tilkynningar vegna heimilisofbeldis í Reykjavík


Mynd 1 sýnir fjölda útkalla í Reykjavík í hverjum mánuði síðustu 13 mánuði frá ágúst 2025 til og með ágúst 2026, samtals 641 útköll. Yfir jafn langt tímabil ári fyrr eða frá ágúst 2024 til og með ágúst voru útköllin 609.

Síðustu þrjá mánuði frá júní 2026 til og með ágúst 2026 voru útköllin 147. Í sömu mánuðum ári fyrr eða frá júní 2025 til og með ágúst 2025 voru þau 133.




Mynd 1. Fjöldi útkalla/tilkynninga í Reykjavík frá ágúst 2025 til og með ágúst 2026

Mynd 2 sýnir hlutfallslega dreifingu útkalla eftir vikudögum í ágúst 2026 og mynd 3 sýnir hlutfall útkalla eftir tíma sólarhrings í ágúst 2026.




Mynd 2. Hlutfall útkalla/tilkynninga eftir vikudögum í ágúst 2026




Mynd 3. Hlutfall útkalla/tilkynninga eftir tíma sólarhrings í ágúst 2026

Mynd 4 sýnir tengsl geranda og þolanda í útköllum í ágúst og mynd 5 sömu upplýsingar það sem af er ári 2026.



Mynd 4. Ofbeldi af hálfu hvers í ágúst 2026, hlutfallstölur



Mynd 5. Ofbeldi af hálfu hvers 2026, hlutfallstölur



Tölulegar upplýsingar velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um útköll/tilkynningar vegna heimilisofbeldis 2026

Barnavernd Reykjavíkurborgar fer með lögreglunni í útköll vegna heimilisofbeldis þegar barn eða börn eru á heimilinu og ráðgjafi frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar sem styður við brotapolu. Ráðgjafinn er einnig kallaður til þegar engin börn eru á staðnum ef heimilisfólk þiggur þá þjónustu og ef börn eru skráð með lögheimili hjá geranda eða brotapolu. Tafla 1 sýnir fjölda útkalla sem lögreglan fer í, fjölda útkalla sem borgin fer í og svo hlutfall útkalla sem borgin fer í af þeim útköllum sem lögreglan fer í.

Tafla 1. Fjöldi útkalla lögreglu og Reykjavíkurborgar og hlutfall útkalla/tilkynninga sem starfsfólk borgarinnar fór í af útköllum lögreglunnar 2025 og það sem af er ári 2026. Einnig er sýnt hlutfallslegt meðaltal yfir þetta tímabil.

	Lögregla fjöldi útkalla	Reykjavík fjöldi útkalla	Hlutfall
2025			
Janúar	49	24	49
Febrúar	45	20	44
Mars	44	16	36
Apríl	44	20	45
Maí	49	14	29
Júní	42	19	45
Júlí	41	18	44
Ágúst	46	32	70
September	55	28	51
Október	31	20	65
Nóvember	49	20	41
Desember	60	28	47
2026			
Janúar	42	20	48
Febrúar	45	26	58
Mars	59	28	47
Apríl	42	19	45
Maí	48	21	44
Júní	40	25	63
Júlí	37	21	57
Ágúst	67	27	40
Samtals	935	446	48


Gerendur

Það sem af er ári, janúar til og með ágúst hefur Reykjavíkurborg farið í 192 útköll.

Í ágúst 2026 fór Reykjavíkurborg í 27 útköll og voru karlar gerendur í 20 tilvikum og konur í 7, sjá töflu 2 og mynd 6.

Tafla 2. Fjöldi útkalla/tilkynninga árið 2026 eftir kyni gerenda

Mánuður	Kyn gerenda		
	Karlar	Konur	Samtals
Janúar	15	5	20
Febrúar	19	7	26
Mars	24	5	29
Apríl	20	1	21
Maí	14	7	21
Júní	23	4	27
Júlí	14	7	21
Ágúst	20	7	27
Samtals	149	43	192
Fjöldi gerenda samtals	123	33	156




Mynd 6. Fjöldi útkalla/tilkynninga árið 2026 eftir kyni gerenda

Síðustu 13 mánuði, frá ágúst 2025 til og með ágúst 2026 voru karlar gerendur í 243 tilvikum og konur í 72, samtals 315 útköll, sjá á mynd 7 fjölda útkalla á mánuði eftir kyni gerenda síðustu 13 mánuðina.

Yfir jafn langt tímabil, 13 mánuði, ári fyrr eða frá ágúst 2024 til og með ágúst 2025 voru karlar gerendur í 180 tilvikum og konur í 49, samtals 254 útköll.

Síðustu þrjá mánuði, frá maí 2026 til og með ágúst 2026 voru útköllin 73 og voru karlar gerendur í 55 tilvikum og konur í 18.

Þessa sömu þrjá mánuði ári áður voru útköllin 69, 58 karlar voru gerendur og 11 konur.




Mynd 7. Fjöldi tilkynninga síðustu 13 mánuði eftir kyni gerenda

Brotapolar

Eins og áður segir hefur Reykjavíkurborg farið í 165 útköll á árinu. Konur voru brotapolar í 132 tilvikum og karlar í 33, sjá töflu 3 og mynd 8. Enginn brotapoli var án kennitölu.

Tafla 3. Fjöldi útkalla/tilkynninga árið 2026 eftir kyni brotapöla

Mánuður	Kyn brotapöla		
	Karlar	Konur	Samtals
Janúar	3	17	20
Febrúar	6	20	26
Mars	5	24	29
Apríl	3	18	21
Maí	5	16	21
Júní	5	22	27
Júlí	6	15	21
Ágúst	4	23	27
Samtals	37	155	192
Fjöldi þolenda samtals	34	133	167




Mynd 8. Fjöldi útkalla/tilkynninga 2026 eftir kyni brotapöla

Síðustu 13 mánuði frá ágúst 2025 til og með ágúst 2026 voru konur brotáðar í 252 tilvikum en karlar í 63 tilvikum samtals 315 útköll/tilvik, sjá fjölda brotáðara eftir mánuðum og kyni á mynd 9.

Yfir jafn langt tímabil, 13 mánuði ári fyrr, frá ágúst 2024 til og með ágúst 2025 voru konur brotáðar í 203 tilvikum en karlar í 51 tilviki samtals 254 útköll/tilvik.


Síðustu þrjá mánuði frá júní 2026 til og með ágúst 2026 voru útköllin 73, þar af voru konur brotáðar í 58 tilvikum en karlar í 15.

Síðustu þrjá mánuði ári fyrr, frá júní til og með ágúst 2025, voru útköllin 69, þar af voru konur brotáðar í 55 tilvikum en karlar í 14.




Mynd 9. Fjöldi útkalla/tilkynninga síðustu 13 mánuði eftir kyni brotáðara

Mynd 10 sýnir fjölda útkalla, sem Reykjavíkurborg fór í, eftir kyni og aldri brotáðara 2026.




Mynd 10. Fjöldi útkalla/tilkynninga 2026 eftir kyni og aldri brotáðara sem Reykjavíkurborg fór í

Mynd 11 sýnir ofbeldi af hálfu hvers er um að ræða eftir kyni brotþola eða tengsl gerenda og brotþola eftir kyni brotþola. Ofbeldi barna í garð foreldris er „aldursskipt“ til að varpa aðeins skýrara ljósi á það. Annars vegar eru börn yngri en 18 ára og hins vegar eru útköll vegna barna sem beita forelda sína ofbeldi og eru 18 ára og eldri.



Mynd 11. Tengsl gerenda og brotþola eftir kyni brotþola 2026, útköll Reykjavíkurborgar


Mynd 12 sýnir fjölda brotþola eftir fjölskyldugerð 2026, sem Reykjavíkurborg fór í útkall vegna.



Mynd 12. Fjöldi brotþola eftir fjölskyldugerð 2026

Mynd 13 sýnir tegund ofbeldis eftir kyni brotþola. Andlegt ofbeldi er tilgreint í 155 tilvikum þar af eru 127 konur brotþolar og 28 karlar. Líkamlegt ofbeldi er tilgreint í 144 tilvikum þar af eru 116 konur brotþolar og 28 karlar. Í 21 tilviki var um fjárhagslegt ofbeldi að ræða og voru 17 brotþolar konur og


fjórir karlar. Kynferðislegt ofbeldi var tilgreint í sex tilvikum og voru fimm brotapolar konur og einn brotapoli karl. Oft er tilgreind fleiri en ein tegund ofbeldis í hverju útkalli.




Mynd 13. Tegund ofbeldis eftir kyni brotápola 2026

Mynd 14 sýnir fjölda gerenda eftir kyni og því hvort brotapoli er með íslenskt eða erlent ríkisfang.

Mynd 15 sýnir fjölda brotápola eftir kyni og hvort ríkisfang er íslenskt eða erlent.




Mynd 14. Ríkisfang gerenda, íslenskt/erlent, eftir kyni 2026




Mynd 15. Ríkisfang brotápola, íslenskt/erlent, eftir kyni 2026

Mynd 16 sýnir fjölda fatlaðra og ófatlaðra gerenda eftir kyni. Fimm fatlaðar konur voru gerendur og 11 karlar.

Mynd 17 sýnir fjölda fatlaðra og ófatlaðra brotþola eftir kyni. Fjórar fatlaðar konur voru brotþolar og tveir karlar. Þessar tölur byggja á mati í útkalli á því hvort brotþoli og gerendur séu með fötlun eða ekki. Það má ætla að fleiri brotþolar og gerendur séu með fötlun en fram kemur í þessum tölum.




Mynd 16. Fjöldi fatlaðra og ófatlaðra gerenda eftir kyni 2026




Mynd 17. Fjöldi fatlaðra og ófatlaðra brotþola eftir kyni 2026

Börn voru á vettvangi í 51% útkalla 2026, sjá mynd 18 og voru í 59% tilvika með lögheimili á vettvangi, sjá mynd 19.




Mynd 18. Hlutfall þeirra útkalla þegar börn voru/voru ekki á vettvangi 2026




Mynd 19. Hlutfall þeirra útkalla þegar börn voru/voru ekki með lögheimili á vettvangi 2026

Að höfðu samráði við hagsmunasamtök hinsegin fólks er nú skráð hvort gerandi og brotapolí séu hinsegin. Mynd 20 sýnir hlutfall gerenda sem eru hinsegin í útköllum 2026 og mynd 20 sýnir hlutfall brotápola sem eru hinsegin.



Mynd 20. Hlutfall gerenda sem eru hinsegin 2026



Mynd 21. Hlutfall brotápola sem eru hinsegin 2026